

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 29.

16. janúar 1969.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerðir fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

59. Nefnd Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, aðsetur nefndarinnar er í Reykjavík. Staðfest 10. des. 1968.
60. Nefnd Verzlunarmannafélags Suðurnesja, aðsetur nefndarinnar er í Keflavík. Staðfest 10. des. 1968.
61. Nefn Verkamannafélags Borgarfjarðar (eystra), aðsetur nefndarinnar er í Borgarfjarðarhreppi, N.-Múl. Staðfest 10. des. 1968.
62. Nefnd Verkalýðsfélags Reyðarfjarðarhrepps, aðsetur í Reyðarfjarðarhreppi. Staðfest 16. jan. 1969.
63. Nefnd Verkalýðsfélags Skeggjastaðahrepps, aðsetur í Bakkafirði, N.-Múl. Staðfest 16. jan. 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.